



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu um málefni nýbúa
12. október 2000

Góðir ráðstefnugestir

Landnámið var upphaf íslenskrar sögu og við höfum alist upp við aðdáun og virðingu gagnvart þeim nýbúum sem hingað komu fyrir 1000 árum.

Þau yfirláfu heimkynni sín í Noregi og Danmörku, Írlandi og Bretlandseyjum, héldu yfir hafið og hófu nýtt líf í ókunnugu landi. Siðir þeirra og venjur voru af ólíkum toga, sum voru kristin, önnur heiðin en öll voru þau staðráðin í að gera Ísland að ættjörð sinni.

Hinir fyrstu nýbúar Íslands stofnuðu Alþingi og lifðu samkvæmt anda og bókstaf laga og réttar, hvort tveggja nánast óþekkt í Evrópu þegar vald konunganna og máttur sverðsins réðu mestu. Afkomendur þeirra kusu svo fáeinum öldum síðar að skrá þessar einstæðu nýbúasögur á skinn og Íslendinga sögurnar hlutu heiðursess í hofi heimsbókmenntanna.

Við Íslendingar erum að uppruna nýbúaþjóð og þótt einangrunin hafi um aldir hindrað heimsóknir frá öðrum heimshlutum þá er mikilvægt að missa ekki sjónar af þeim rótum þegar við fögnum nýju fólki sem hingað hefur komið á síðari árum og á margvíslegan hátt hefur auðgað samfélag okkar og menningu. Og það hefur verið svo í löngu samhengi íslenskrar menningar, að hún hefur jafnan risið hæst þegar samleikur erlendra áhrifa og innlendrar nýsköpunar hefur verið mestur.

Við sjáum þess víða merki að lífið í landinu er nú fjölskrúðugara og kraftmeira, skemmtilegra og litríkara vegna framlags þess góða fólks sem gert hefur Ísland að heimkynnum sínum.

Við höfum öll öðlast nýja sýn á siði og menningu, trú og tónlist, matargerð og daglega hætti vegna miðlunar á þekkingu og reynslu sem fylgir samvistum við nýja granna.

Á fjölmörgum sviðum atvinnulífs, velferðarþjónustu og menningar hefur þátttaka nýbúa í störfum og rekstri gert okkur kleift að efla þau svið með kröftugum hætti.

Fyrir allt þetta ber okkur að þakka þegar málefni nýbúa eru tekin á dagskrá. Jafnframt er mikilvægt að viðurkenna nauðsyn þess að við höldum vel vöku okkar og látum hinum nýju íbúum Íslands í té þá aðstoð sem þau þurfa á að halda þótt okkur gangi stundum erfiðlega að skilja hve brýn hún kann að vera.

Ástkæra ylhýra málið sem okkur er tamt strax frá æsku er erfið þraut þeim sem alist hafa upp við önnur. Í raun höfum við Íslendingar verið ótrúlega skilningsvana á nauðsyn þess að útbúa ítarlegt kennsluefni í íslensku fyrir erlent fólk sem málið vill læra. Það er ekki til mikið af efni til slíkrar kennslu og lítt verið hugað að því að klæða það í aðgengilegan búning nýrrar tækni tölvuheims, alnets og fjölmiðlunar, hagnýta aðferðir sem gera lærdóm og fræðslu að léttum leik.

Við höfum heldur ekki verið dugleg við að túlka sögu okkar og menningu fyrir þá sem hingað koma um langan veg. Kannski er það arfurinn frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar þegar öll framsetning og efnisval bar þess merki að þjóðin var að réttlæta kröfur sínar til frelsis og fullveldis. Nú búum við hins vegar að öryggi og festu og enginn ógnar tilveru íslenskrar þjóðar. Því ætti að vera auðveldara að opna augu okkar fyrir því hvernig best er að gera hina íslensku arfleifð aðgengilega fyrir nýbúa í okkar landi.

Virðingin fyrir heimanmundi, siðvenjum og trúarlífi þeirra sem hingað koma þarf áfram að styrkjast og þroskast í okkar huga. Við verðum í þeim efnum að reynast sannir heimsborgarar, sjá og skilja að Ísland er óðum að verða spegilbrot af þeim fjölbreytileika sem annars staðar er ráðandi mynd.

Ég óska ykkur heilla í umfjöllun um þau brýnu mál sem hér eru á dagskrá og vona að við öll, bæði nýbúar og þau sem eldri rætur eiga í landinu, munum í sameiningu gera íslenskt samfélag auðugara, fjölbreyttara og skilningsríkara þegar fram líða stundir.